

LISTIR

M-2000

Fimmtudagur

GALLERÍ 18

Jyrki Parantainen

Parantainen er finnskur listamaður sem hefur vakið mikla athygli fyrir ljósmyndir af brennandi byggingum sem hann kveikir sjálfur í en eldurinn er aðal listmiðill hans. Í huga Parantainen er eldist það að standa frammi fyrir dauðanum í baráttu sem stundum vinnst en stundum ekki. Þar með storkar Parantainen í senn sjálfum sér, áhorfendum, listinni jafnvel og lífinu sjálfu. Sýningin stendur frá 26. október til 26. nóvember. www.i8.is

Nýjar bækur

• ÚT er komin bókin *Glermeistarinn* eftir Olav H. Hauge í þýðingu Óskars Árna Óskarssonar sem einnig ritar formála að bókinni.

„Olav H. Hauge (1908–1994) er hiklaust eitt af mestu ljóðskáldum Norðmanna á tuttugustu öldinni. Jafnframt ritstjórnun var Hauge eplabóndi í Ulvik í Harðangursfirði þar sem hann bjó og starfaði mestan hluta ævi sinnar. Kveðskapur hans er látlaus en hnitmiðaður og hittir lesandann beint í hjartastað. Ljóð Hauge hafa verið þýdd á ekki færri en tuttugu og fimm tungumál. Hér birtist úrval úr ljóðum hans,“ segir í kynningu.

Útgefandi er bókaútgáfan Bjartur. Bókin er 60 bls. og prentuð í prentsmiðjunni Gutenberg. Verð: 1.880 krónur.

Síðasta sýningarhelgi

cafe9.net

Lokadagur cafe9.net sem verið hefur í gangi í menningarborgum Evrópu síðastliðna tvo mánuði er sunnudaginn 29. október. Megináhersla hefur verið lögð á samskipti og samspil borganna með framlagi ýmissa listamanna. Þrátt fyrir formlegan lokadag cafe9.net eru þau verkefni sem unnið voru í cafe9.net þess eðlis að hægt er að þróa þau og bæta eins og hverjum líkar og fjölmargar vefsíður enn opnar þeim sem áhuga hafa, til dæmis <http://www.takesyou.to/dictionary> og <http://www.discussion.is>.

Samstarfsaðilar cafe9.net eru Íslandssími og Skjár einn en verkefnið er einnig unnið með stuðningi frá Reykjavík – Menningarborg Evrópu, EU Culture 2000 programme og EU Youth for Europe programme.

Ásmundarsafn

Yfirlitssýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni við Sigtún lýkur sunnudaginn 29. október.

Á sýningunni eru verk sem spanna allan feril listamannsins og sýna þá þróun sem varð á list hans í gegnum tíðina. Meðal hinna elstu eru höggmyndir sem hann gerði sem nemandi við sænsku ríkisakademíuna. Safnið er opið daglega frá kl. 13-16.

Gangurinn

20 ára afmælisýningu Gangsins í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi lýkur sunnudaginn 29. október.

Gangurinn er heimagallerí sem myndlistarmaðurinn Helgi Þorgils Friðjónsson hefur rekið um tuttugu ára skeið. Vegna tímamótanna bauð Listasafn Reykjavíkur Helga að halda yfirlitssýningu með úrvali þeirra verka sem hafa verið á sýningum Gangsins. Leiðsögn er um sýninguna sunnudaginn 29. október kl. 16.

Íslendingasögurnar á kínversku


Í TILEFNI sýningar Margrétar Guðmundsdóttur í kaffistofu Hafnarborgar, verður opnuð gluggasýning, kynning á verkum hennar, hjá Meistara Jakob, Skólavörðustíg 5, á morgun, föstudag.

Þar eru m.a. sýndar blaðsíður úr Íslendingasögnum, en þær komu út á kínversku síðastliðð sumari og voru kynntar á 2000 Dalian International Art Fair.

Margrét er þátttakandi í þremur sýningum í Kína, í Shanghai

Art Fair, Guangzhou og The Macau Museum of Art, sem haldnar verða í nóvember og desember nk. Sýning hennar í Hafnarborg er kynning hennar á þeim sýningum, sem hún hefur þegar sent út. Þema sýningarinnar er náttúra landsins, andstæður þess, eldgos, jöklar, ný sköpun, sterkir kraftar. En tenginguna til austurs fær hún með blaðsíðum úr Íslendingasögnum.

Opið er alla daga kl. 11–18 nemaþriðjudaga, þá er lokað.





Eitt af verkunum á sýningunni.

Til varnar skáldskapnum

Á SÚFISTANUM, bókakaffi í verslun Máls og menningar, Laugavegi 18, verður dagurinn í dag helgaður ljóðum, og hefst dagskráin kl. 20. Umræður verða um ljóðlist í tilefni af útkomu bókanna „Ritgerðir og pistlar“ eftir Sigfús Daðason. Einar Már Guðmundsson minnst Sigfúsar. Berglind Gunnarsdóttir, Birna Bjarnadóttir og Hallgrímur Helgason ræða um stöðu ljóðlistarinnar í ljósi ritgerðar Sigfúsar „Til varnar skáldskapnum“ og Hjalti Rögnvaldsson les úr verkum skáldsins. Aðgangur er ókeypis.

NÝ SPENNANDI VERSLUN VERÐUR OPNUÐ Í DAG KL. 13 Í KRINGLUNNI



FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

Rúllukragapeysa 2.900 • Buxur 3.900 • Bolir 1.900 • Hnepptar peysur 4.900 • Skyrtur 2.900

STÆRRI STÆRÐIR • FALLEGUR FATNAÐUR

Stærðir 34-46

PART TWO

Kringlunni 8-12 • s. 568 6845